

dómsmönnum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskveiðahlutafélagið Njáll, greiði stefnanda, Gunnari Guðjónssyni, kr. 198.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 174.000.00 frá 21. júní 1951 til 21. júní 1955, en af kr. 198.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 13.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1957.

Nr. 76/1957. **Ákærvaldið** (Ingólfur Jónsson hrl.)

gegn

Ásgeiri Bjarnasyni

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Manni dæmd refsing fyrir að aka bifreið miður sín og gálaust.

Dómur Hæstaréttar.

Eigi þykir fullsannað, að ákærði hafi við akstur bifreiðar sinnar umrætt skipti verið með áhrifum áfengis í merkingu 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 58/1954. Hins vegar er af gögnum málsins ljóst, að ákærði hefur við aksturinn verið svo miður sín, að refsivert er samkvæmt 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þá hefur ákærði og með gálausum akstri brotið gegn 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. sömu laga, eins og lýst er í héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað. Akærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Akærði, Ásgeir Bjarnason, greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Akærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ingólfs Jónssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. nóvember 1956.

Ár 1956, þriðjudaginn 20. nóvember, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var á skrifstofu dómsins af Birni Sveinbjörnssyni, settum sýslumanni, uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 547/1956: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Bjarnasyni, sem dómtekið var 23. október s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu 22. marz s.l., gegn Ásgeiri Bjarnasyni framkvæmdastjóra, Marbakka á Seltjarnarnesi, fyrir að hafa sunnudaginn 25. september s.l., fyrir eða um hádegi, ekið bifreiðinni R 311 um götur Reykjavíkur, verandi undir áhrifum áfengis við aksturinn, og aka bifreiðinni loks á umferðarsteinna á Kaplaskjólsvægi. Telst þetta varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breyting á bifreiðalögum, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

En til vara er mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir að hafa umrætt sinn verið svo miður sín vegna undanfarandi svefnleysis

m. a., að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni, en það varðar við 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr.
39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfialdri, fæddur á Húsavík 10. júní 1910. Hann
hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1948 22/5 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1954 12/1 Rvík. Dómur, 1000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mán-
uði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 25. september 1955, kl. 12.30, var hringt á lög-
reglustöðina í Reykjavík og tilkynnt, að rétt í því hefði bifreið
verið ekið yfir umferðarsteinana þá, er skipta Kaplaskjólsvogi
skammt norðan Nesvegjar, og mundi ökumaður bifreiðarinnar
vera ölvaður.

Lögreglumenn fóru á staðinn. Sáú þeir ummerki, er sýndu,
að bifreið hefði verið ekið yfir umferðarsteinana, þar sem einn
þeirra var á hliðinni, en aðrir lausir. Þarna á staðnum hittu þeir
nokkur smábörn, er sögðu þeim, að bifreiðinni hefði verið ekið
vestur á Seltjarnarnes og að ökumaðurinn mundi eiga heima á
Marbakka. Börnin héldu, að númer bifreiðarinnar væri R 311.
Lögreglumennirnir fóru nú að Marbakka. Bifreiðin R 311, 6 manna
fólksbifreið, græn að lit, stóð þar á hlaðinu. Þeir fóru inn í húsið
og hittu þar grátandi telpu, 14—16 ára. Þeir spurðu eftir öku-
manni bifreiðarinnar. Vísaði telpan þeim inn í svefnherbergi, en
þar lá faðir telpunnar, ákærði Ásgeir, afklæddur uppi í rúmi.
Sagði telpan lögregluþjónunum, að hann hefði komið heim á bif-
reiðinni skömmu áður.

Ákærði neitaði að segja til nafns síns, en systir hans, Kristín
Bjarnadóttir, sem kom þarna rétt á eftir, sagði lögregluþjónun-
um nafn hans og að hann væri bróðir sinn.

Lögregluþjónarnir töldu ákærða vera undir áhrifum áfengis
og báðu hann að koma með sér, en hann neitaði því harðlega og
kvaðst ei mundu fylgja þeim, nema þeir fengju handtökuheimild.
Annar lögregluþjónanna hafði þá samband við Pálma Jónsson
lögregluvarðstjóra og skýrði honum frá málavöxtum. Taldi hann
ei tiltækilegt að taka ákærða brott með valdi. Fóru lögregluþjón-
arnir á lögreglustöðina við svo búið, en höfðu bifreið ákærða
með sér. Var nú leitað til Halldórs Þorbjörnssonar, fulltrúa saka-
dómara, er kvað upp úrskurð um, að handtaka skyldi ákærða.
Vorur síðan þrír lögregluþjónar sendir til að handtaka hann, en

er þeir komu að Marbakka um miðmundabilið, var þeim sagt, að ákærða hefði verið gefið svefnlyf og svæfi hann. Gaf Kristín, systir ákærða, þá skýringu á þessu, að kona ákærða lægi á sjúkrahúsi og ætti að ganga undir hættulegan uppskurð daginn eftir. Mætti hún ekki verða fyrir geðshræringu og ei hafa fréttir af máli þessu. Hefði því verið gripið til þess ráðs að svæfa ákærða til þess að firra því, að hann færi á fund konu sinnar.

Héldu lögregluþjónarnir brott við svo búðið, og verður ekki séð, að lögregluþjónarnir hafi séð ákærða eða staðreynt, hvort hann svæfi.

Það, sem nú hefur rakið verið, er samkvæmt frumskýrslum lögreglumanna þeirra, er fóru heim til ákærða.

Ákærði kom fyrir dóm 5. október næstan eftir þetta. Skýrði hann svo frá, að hann hefði ekið bifreið sinni, R 311, heiman að frá sér niður á Ránargötu klukkan að ganga 12 á sunnudaginn, gengið síðan á skrifstofu sína á Vesturgötu 17, dvalizt þar um það bil hálfa klukkustund, en ekið síðan heim til sín. Á leiðinni kveðst hann vegna aðgæzluleysis hafa ekið á einn umferðarstein, endastein í steinaröð á Kaplaskjólsvægi. Við áreksturinn hafi gírskiptistöng bognað þannig, að ekki var hægt að tengja hana í afturábakgír. Var bifreiðin föst á steininum. Bar þá að Björn Ólafs lögfræðing, er ók ákærða heim og bauðst síðan til að losa bifreiðina og flytja hana heim til hans.

Ákærði hefur aldeilis neitað því, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur þenna. Kveðst hann hvorki hafa smakkað áfengi kvöldið áður né um morguninn áður en hann ók. Hins vegar kveðst hann ekkert hafa sofnað um nóttina fyrr en klukkan 8 um morguninn og sofið þá í um það bil tvær klukkustundir. Hefðu veikindi konu hans haldið fyrir honum vöku. Kveðst hann því hafa verið þreyttur og illa fyrir kallaður við akstur bæði vegna svefnleysis um nóttina og eins vegna meltingatruflana, er hann væri haldinn. Er hann kom heim, kveðst hann hafa ákveðið að leggja sig að reyna að sofna til að vera betur fyrir kallaður, er hann færi að heimsækja konu sína á sjúkrahúsið um nónbilið. Kveðst hann þá hafa háttað sig, en drukkið áður sem svaraði tvöföldum sjússi af aqua vitae til þess að sofna frekar. Auk þess taldi hann það mundu hafa góð áhrif á meltingartruflanirnar.

Þá skulu raktir framburðir vitna.

Vitnið Ívar Pétur Hannesson var annar lögregluþjónanna, er fyrst fóru heim til ákærða. Vitnið sá ákærða ekki aka bifreiðinni, en það sá hann heima á Marbakka. Segir vitnið, að ákærði hafi

þá haft útlit fyrir að vera með áfengisáhrifum. Hafi verið áfengislykt úr vitum hans, málrómur hans verið drafandi og tal hans ruglingslegt. Vitnið segir, að ákærði hafi komið fram úr rúmi sínu, og segist vitnið ekki hafa séð, að hann væri óstöðugur í jafnvægi. Vitni þetta segir, að ákærði hafi svarað játandi spurningu sinni um það, hvort hann hefði ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis, en bætt við: „Ég ók bifreiðinni fyrir skammri stundu og var þá í sama ástandi og ég er nú.“

Vitnið Kristján Jóhannesson lögregluþjónn kom heim að Marbakka með vitninu Ívari Pétri. Kveðst vitnið hafa komið heim til ákærða, um það bil 10 mínútum eftir að tilkynning barst á lögreglustöðina um akstur hans. Vitnið segir, að ákærði hafi komið fram úr rúminu, áður en þeir lögregluþjónarnir fóru, og verið mjög ör í framkomu. Frásögn hans hafi verið ruglingsleg og samhengislaus. Vitnið segir, að ákærði hafi viðurkennt, að hann hefði ekið bifreiðinni rétt áður og þá verið undir áhrifum áfengis. Segir vitnið, að Ívar Pétur hafi einnig heyrt þessa viðurkenningu. Vitnið telur, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Bæði þessi vitni hafa staðfest það, að ákærði hafi alveg neitað að fylgjast með þeim brott. Það skal og fram tekið, að í lögregluskýrslu Ívars Péturs segir, að ákærði hafi verið sýnilega undir áhrifum áfengis og litarháttur hans förlur.

Vitnið Björn Ólafs hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að það hafi klukkan nákvæmlega 12 á hádegisloki ekið bifreið sinni suður Nesveg og þá séð ákærða, sem vitnið kannast mjög vel við, aka suður Kaplaskjólsvog á hægri ferð, 20—25 km hraða. Kveðst vitnið hafa séð ákærða aka yfir tvo gulmálaða umferðarsteina á mótum þessara gatna, og hafi bifreiðin stöðvazt við það. Vitnið stöðvaði bifreið sína. Bifreið ákærða var föst, og ók vitnið ákærða heim til hans, en sá síðan um flutning á bifreið hans heim til hans.

Vitnið segir, að sér hafi virzt greinilegt, að ákærði væri í umrætt sinn mjög timbraður, svefnlaus og titrandi, og bersýnilega illa fyrir kallaður, en ekki beinlínis ölvaður.

Vitnið Njáll Kristjánsson, Breiðdal, kom fyrir dóm 24. sept. s.l. og skýrði frá því, að það hefði hitt ákærða á Vesturgötu 17 umræddan sunnudagsmorgun rétt fyrir hádegisloki. Kveðst vitnið vel muna, þótt langt væri liðið, að það hefði verið sunnudaginn 25. sept. fyrir ári síðan, sem það hitti ákærða þarna. Vitnið kveðst hafa hitt ákærða fyrir utan húsið, orðið honum samferða inn og síðan út aftur nokkru síðar. Vitnið kveðst hafa talað við ákærða og segist alls engin ölvunareinkenni hafa séð á honum.

Vitnið tók sérstaklega fram, að hreyfingar ákærða hefðu verið styrkar, er hann opnaði útidyrnar með lykli.

Öll framangreind vitni hafa staðfest framburði sína með eiði. Kristín Bjarnadóttir, systir ákærða, hefur notað sér heimild 89. gr. laga nr. 27/1951 um að skorast undan vitnisburði.

Eins og fyrr segir, hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en drukkið tvo ákavítissjússa, eftir að hann kom heim, en ekki getur þessi framburður talizt sennilegur. Tveir lögregluþjónar hafa staðfest með eiði það álit sitt, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis, er þeir komu heim til hans, nokkru eftir að hann ók, eða um 40 mínútum síðar, að því er næst verður komizt. Staðreynd er það, að ákærði neitaði alveg að ástæðulausu að fylgjast með lögregluþjónunum til blóðtöku, og sú staðreynd, að ákærði ók á umferðarsteinana, bendir til þess, að hann hafi verið eitthvað miður sín við aksturinn. Þá er enn fremur staðreynd, að ákærði skildi bifreið sína eftir á árekstursstaðnum og fékk mann til að sjá um fyrir sig, að hún yrði flutt heim. Loks benda þær aðgerðir venzlafólks ákærða að gefa honum svefnlyf til að svæfa hann, svo að hann færi ekki að heimsækja konu sína veika, eindregið til þess, að hann hafi verið ölvaður.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður að telja sannað, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreið sinni í umrætt sinn frá Ránargötu að mótum Nesvegjar og Kaplaskjólsvegar. Hefur hann með þessu gerzt brotlegur við 1. mgr. 24. gr. áfengisлага nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. umferðaralaga nr. 24/1941. Með þeirri staðreynd, að ákærði ók á umferðarsteinana, er sannað, að hann hefur ekki sýnt næga aðgæzlu við aksturinn. Varðar það við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna.

Refsing ákærða samkvæmt 45. gr. áfengislaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 38. gr. bifreiðalaganna, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald, þar sem um ítrekað brot er að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Loks greiði ákærði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 1000.00.

Gerð hefur verið í málsskjölunum grein fyrir drætti þeim, sem orðið hefur á rekstri máls þessa.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ásgeir Bjarnason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Hann skal ævilangt sviptur bifreiðarstjóraréttindum.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun til skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 22. október 1957.

Nr. 169/1957. Ármann Magnússon, Jón Sigurðsson og Ingimundur Gestsson

gegn

Stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. f. m., er barst dóminum hinn 16. þ. m. Þeir krefjast þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. september 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hafa þeir Ármann Magnússon, Jón Sigurðsson og Ingimundur Gestsson, bifreiðar-